

Dalvík 6. október 2022

Undirritaðir héraðsskjalaverðir, staddir á Haustráðstefnu Félags héraðsskjalavarða á Íslandi sem haldin er á Dalvík 6.-7. október 2022, lýsum vilja okkar til þess að komið verði upp einu sameiginlegu móttökuveri allra héraðsskjalasafna á Íslandi sem yfirfari vörsluútgáfur opinberra skjala sem komi í framhaldi til varðveislu á hverju safni fyrir sig, í samræmi við gildandi lög um opinber skjalasöfn og lögbundið hlutverk héraðsskjalasafna.

Það er sameiginlegt mat undirritaðra að héraðsskjalasöfnin séu vel í stakk búin til að stíga þetta mikilvæga framfaraskref og takast á við það verkefni að varðveita rafræn skjöl sveitarfélaga. Til þess viljum við vinna saman að einni sameiginlegri úrlausn sem nýtist öllum héraðsskjalasöfnum á landinu.

Við teljum það að tryggja áframhaldandi framþróun og sjálfstæði héraðsskjalasafna vera í bestu samræmi við yfirlýsta stefnu sveitarfélaga um sjálfsforræði og uppbyggingu innviða um land allt.

Verði unnið í samræmi við framangreint mun það skila ákjósanlegustu niðurstöðu fyrir sveitarfélögin og íbúa þeirra á þeirri stafrænu vegferð sem hafin er.

Ásbría Ólafsdóttir

Sebán Bogi Sveinsson

Björk Hilm Þorsteinsd.

Hafn Sveinsson

Guðm. Sveinsson

Era Dís Sigmundsd.

Þorsteinn Þorsteinsson

Binnalíjöll Sigrúnaðóttir

Svala Runólfsdóttir

Jóhanna Skúladóttir

Tóborg Hilm Lárusdóttir

Lára Ágúla Ólafsdóttir

Guðrún Sveinsson

Svanbjörg Þorsteinsdóttir

Ólafur Sigmundsson

Héraðsskjalasafn Rangceinga

og Vestur Skarftfellinga.

Héraðsskjalasafn Austfirðinga

Héraðsskjalasafn Svartdæla

Héraðsskjalasafn Kópavogs

Héraðsskjalasafn Neskaupstaðar

Héraðsskjalasafn Akraness

Héraðsskjalasafn ÍRÍKESÍRÍKIS

Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar

Héraðsskjalasafn A-klín.

Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar.

Héraðsskjalasafn Skýrðinga

Héraðsskjalasafn Akureyrri

Héraðsskjalasafn Fjarða

Borgarskjalasafn Reykjavíkur

HERAÐSSKJALASAFN ÞINGEYINGA